

Úrskurður

Samgöngustofu nr. 1/2026 vegna álagningar fargjaldaálags

I. Erindi

Hinn 17. október 2025, kærði A (hér eftir „kærandi“), ákvörðun Strætó bs., dags. 17. október 2025, um að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags. Kærandi fer fram á að Samgöngustofa (hér eftir „SGS“) taki ákvörðun Strætó bs. til endurskoðunar á grundvelli 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017.

II. Málavextir og bréfaskipti

Í kæru kemur fram að Strætó bs. hafi lagt fargjaldaálag á kæranda þar sem hann hafi notað nemakort í strætó, en hann hafi ekki verið meðvitaður að einungis námsmenn mættu nota slík kort. Fram kemur að um mistök af kæranda hálfu hafi verið að ræða en hann komi frá landi þar sem annars konar kerfi sé viðhaft. Óskar kærandi eftir að álagið sé fellt niður, eða lækkað.

Samgöngustofa sendi kærana til umsagnar Strætó bs. með tölvupósti þann 7. nóvember 2025. Í svari Strætó bs., sem barst þann 14. nóvember 2025, kemur fram að kærandi hafi verið krafinn um greiðslu fargjaldaálags þar sem hann hafi notað tímabilskort með afslætti fyrir nema sem ekki hafi verið skráð á hann heldur eiginkonu hans. Afsláttarfargjöld Strætó séu aðeins fyrir þann farþega sem eigi rétt á þeim og einungis sá farþegi megi nota slík fargjöld til þess að greiða fyrir far með Strætó bs. Strætó bs. vísar enn fremur til þess að á grundvelli skilmála fyrirtækisins sé heimilt að óska eftir því að farþegi staðfesti rétt sinn til að nota afsláttarfargjöld og að á heimasíðu Strætó séu skýrar upplýsingar um fargjaldaálag sem m.a. miði að því að koma í veg fyrir fólk ferðist um miðalaust eða á röngu fargjaldi. Ekki eigi að skipta máli þótt kærandi sé frá landi þar sem annars konar kerfi sé viðhaft. Af þessum ástæðum sé því hafnað að fella niður fargjaldaálagið.

Samgöngustofa sendi kæranda svar Strætó bs. til umsagnar þann 17. nóvember 2025 en engar frekari athugasemdir bárust frá kæranda..

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Samgöngustofa tekur mál til skoðunar í samræmi við ákvæði laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með úrskurði, sbr. 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 (lög um farþegaflutninga) Metur Samgöngustofa hvort ákvörðun flytjanda um álagningu fargjaldaálags hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Á grundvelli 1. mgr. 30. gr. a í lögum um farþegaflutninga ber farþega í almenningssamgöngum að framvísa farmiða eða sýna á annan hátt fram á greiðslu réttis fargjalds óski starfsmaður á vegum flytjanda eftir því. Farþega ber einnig að framvísa skilríkjum eða gera grein fyrir sér á annan fullnægjandi hátt óski starfsmaður á vegum flytjanda eftir því til að kanna hvort rétt fargjald hafi verið greitt eða vegna innheimtu fargjaldaálags.

Geti farþegi í almenningssamgöngum ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds þegar eftir því er leitað er flytjanda heimilt að krefja hann um fargjaldaálag, sbr. 2. mgr. 30. gr. a. sömu laga. Nánari ákvæði um hvernig fargjaldaálag er lagt á, fjárhæð þess og innheimtu skulu koma fram í sérstökum reglum flytjanda sem staðfestar eru af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 3. mgr. 30. gr. a. sömu laga. Í gildi eru reglur Strætó bs. um fargjaldaálag nr. 1021/2023 þar sem m.a. kemur fram hver fjárhæð fargjaldaálags skuli vera auk þess sem kveðið er á um að heimilt sé að krefja farþega um fargjaldaálag geti viðkomandi ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds þegar eftir því hefur verið leitað.

Samkvæmt 5. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga skulu reglur um fargjaldaálag vera farþegum sýnilegar um leið og stigið er upp í farartæki og kynntar sérstaklega í öllum samgöngumiðstöðvum, á vef flytjanda og á biðstöðvum þar sem því verður við komið.

Ákvæði 30. gr. a. lög um farþegaflutninga er nýmæli og var lögfest með lögum nr. 97/2021 um breytingu á lögum um farþegaflutninga. Í skýringum við ákvæðið kemur fram að tilefni lagasetningarinnar hafi verið að opna fyrir og styðja við skilvirkari lausnir við greiðslu fargjalda í almenningssamgöngum með það að markmiði að efla þjónustu við notendur án þess að því fylgdi verulegt tekjutap flytjenda. Enn fremur kemur fram í skýringum með frumvarpinu að farþegi beri sjálfur áhættuna af því ef hann týnir farmiða eða ef aðrar aðstæður hamla því að hann geti sýnt fram á greiðslu fargjalds þegar þess er óskað.

Upplýsingar um gildandi reglur um fargjaldaálag, skilmála Strætó bs., og álagningu fargjaldaálags er að finna á heimasíðu Strætó bs.

Niðurstaða Samgöngustofu

Fyrir liggur í málinu að við könnun starfsmanns Strætó bs. á farmiða kæranda kom í ljós að kærandi ferðaðist með almenningssamgöngum á vegum félagsins á afsláttarkorti fyrir nema sem skráð var á eiginkonu hans. Kærandi var krafinn um greiðslu fargjaldaálags af þeirri ástæðu að afsláttargjöld séu aðeins ætluð þeim farþega sem eigi rétt á slíku afsláttarfargjaldi. Að mati SGS er ljóst að kærandi notaði afsláttarkort eiginkonu sinnar til þess að ferðast með almenningssamgöngum á vegum Strætó bs. og greiddi þar með ekki rétt fargjald, sbr. 30. gr. a lög um farþegaflutninga, og 1. gr. reglna Strætó nr. 1021/2023.

SGS telur ekki efni til að taka til greina þá afsökunarástæðu kæranda um að hann hafi ekki vitað að honum væri óheimilt að nota afsláttarkort konu sinnar. Eins og áður hefur komið fram eru upplýsingar og skilmálar Strætó bs. á heimasíðu Strætó á bæði íslensku og ensku.

Með hliðsjón af skýru orðalagi og markmiði ákvæðis 30. gr. a. og reglum Strætó bs. um álagningu fargjaldaálags er það mat SGS að Strætó bs. hafi verið heimilt að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags, sbr. 2. mgr. 30. gr. a. laga nr. 28/2017. Er ákvörðun Strætó bs. því staðfest.

Ú r s k u r ð a r o r ð

Ákvörðun Strætó bs. um að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags þann 17. október 2025 er staðfest.

Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 grein eru úrskurðir Samgöngustofu endanlegir á stjórnarsýslustigi. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta.

Reykjavík, 16. janúar 2026

Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
deildarstjóri lögfræði- og réttinda farþega

Yngvi Hommersand
lögfræðingur